



Námsgrein: Íslenska

Kennsluaðferðir og skipulag:

Íslenska er kennd sjö kennslustundir á viku. Nemendur vinna út frá hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá grunnskólanna.

Í hæfniviðmiðum er unnið í fjórum flokkum:

- *Talað mál, hlustun og áhorf*
- *Lestur og bókmenntir*
- *Ritun*
- *Málfræði*

*Unnið er í hópum eða einstaklingslega eftir því sem best hentar og áhersla lögð á sem fjölbreyttasta kennsluhætti.
Daglega er 20 mínútna yndislestur þar sem nemendur lesa bækur að eigin vali.*

Hæfniviðmið	Kennsluhættir og námsefni	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf		
Nemendur geta:	upplestur á eigin ritunaræfingum	Fylgst með framvindu nemenda.

<ul style="list-style-type: none"> • Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. • Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. • Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. • Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. 	<p>upplestur á ýmsum textum</p> <p>munleg skil á verkefnum</p>	
<p>Lestur og bókmenntir</p>		
<p>Nemendur geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. • Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta. • Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. • Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann. • Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. 	<p>Fyrsti Smellur Annar Smellur Orðspor 2 Ýmsir lestextar Ýmis lesskilningsverkefni með það að markmiði að bæta lesskilning nemenda Annað efni frá kennara</p>	<p>Lesfimiþróf – hraðlestrarskimun í september, janúar og apríl til að kanna fjölda lesinna orða.</p> <p>Orðarún – lesskilningsskimun í október og apríl.</p>
<p>Ritun</p>		
<p>Nemendur geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur. 	<p>Orðspor 2 Málrækt 3 Skriftarbækur Ýmis ritunarverkefni Kjörbókaverkefni Stafsetningaræfingar</p>	<p>Skil á ritunarverkefnum. Vinna nemenda í námsbókum metin.</p>

<ul style="list-style-type: none"> • Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. • Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. 		
Málfræði		
<p>Nemendur geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. • Áttað sig á að orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. • Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta. • Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. 	Málrækt 2 og 3 Orðspor 2 Ýmsar stafsetningaræfingar	Málfræðikannanir. Vinna nemenda í verkefnum metin.